

Fundargerð 66. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á Teams, 7. desember 2020, kl. 13:00

Dagskrá:

- 1. Umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til fjárlaga 2021**
- 2. Byggðakort ESA fyrir Ísland**
- 3. Samráðsfundur stýrihópsins og landshlutasamtakanna 8. desember 2020**
- 4. Vinna við endurskoðun byggðaaáætlunar**
- 5. Drög að frumvarpi til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgöngu-, fjarSKIPTA og byggðamála**

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Anna Katrín Einarsdóttir (ANR), Árni Freyr Stefánsson (SRN), Baldur P. Guðmundsson (MRN), Björn Helgi Barkarson (UAR, fór kl. 14:25), Bryndís Eiríksdóttir (ANR), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Karl Björnsson (Sambandinu), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Þórarinn V. Sólmundarson (MRN), Þór Þórarinsson (FRN, fór kl. 14:29), Sigríður Ó. Kristjánsdóttir (landshlutasamtökunum, fór kl. 14:27), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina. Auk þess sátu Sigurður Árnason og Sigríður Elín Þórðardóttir frá Byggðastofnun hluta fundarins.

Fjarverandi: Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Hrund Hafteinsdóttir (UTN).

Formaður setti fund og bauð nýjan fulltrúa, Bryndísi Eiríksdóttur (ANR), velkomna í stýrihópinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til fjárlaga 2021

Samkvæmt 14. gr. laga um opinber fjármál, nr.123/2015 skal Byggðastofnun innan fjögurra vikna frá framlagningu frumvarps til fjárlaga gefa fjárlaganefnd Alþingis umsögn um áhrif frumvarpsins á byggðaþróun í landinu. Sigurður Árnason, þróunarsviði Byggðastofnunar, greindi frá umsögn Byggðastofnunar fyrir árið 2021. Hann skýrði þær forsendur sem stofnunin hefur að baki mati sínu og hvað þyrfti að vera til staðar þannig að matið gæti orðið nákvæmara. Nokkrar umræður urðu um þennan lið, meðal annars um sértækar aðgerðir í byggðamálum og um nauðsyn þess að í stjórnkerfinu séu mál skoðuð gegnum „byggðagleraugu“ til að auðvelda stefnumótun stjórnvalda í byggðamálum.

2. Byggðakort ESA fyrir Ísland

Sigríður Elín Þórðardóttir, forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar, kynnti byggðakort ESA, sem samþykkt var 2014 og gildir út árið 2021. Kortið skilgreinir á hvaða svæðum á Íslandi unnt er að veita svokallaða byggðaaðstoð í samræmi við leiðbeinandi reglur ESA. Nýtt kort tekur gildi árið 2022. Nokkrar umræður urðu um þennan lið. Meðal annars var rætt um áhrif Covid-19 og aukinnar þekkingar í fjarvinnslu á fjarlægðamat innan ESA. Eins var rætt um sérstöðu Íslands, stórt landsvæði en fámenni með hátt í 70% þjóðarinnar sem búa á höfuðborgarsvæðinu.

3. Samráðsfundur stýrihópsins og landshlutasamtakanna 8. desember 2020

Verkefnisstjóri fór í gegnum dagskrá samráðsfundarins þar sem annars vegar verður farið yfir samningstímabilið 2015-2019 og hins vegar rætt um samstarf stýrihópsins og landshlutasamtakanna. Fulltrúar stýrihópsins voru hvattir til að bjóða fólki úr sínum ráðuneytum á fundinn, gjarnan stjórnendum.

4. Vinna við endurskoðun byggðaáætlunar

Formaður sagði frá stöðu vinnu við endurskoðun byggðaáætlunar, en vinna við grænbók (stöðumat) er á lokametrunum og verður sett í samráðsgáttina á næstunni. Formaður mun senda stýrihópnum drögin til upplýsinga og umsagna.

5. Drög að frumvarpi til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgöngu-, fjarskipta- og byggðamála

Formaður sagði frá frumvarpi til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgöngu-, fjarskipta- og byggðamála sem var í samráðsgáttinni í nóvember. Með frumvarpinu verði tekin næstu skref við samhæfingu þessara áætlana og lagðar til ýmsar breytingar í þá áttina. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður stýrihópurinn ekki lengur skilgreindur í lögum þótt gert sé ráð fyrir að hann starfi áfram. Í umræðum kom fram að nauðsynlegt sé að halda því til haga að byggðamál gangi þvert á málaflokka Stjórnarráðsins og því megi ekki megi binda þau um of við áætlanir á verksviði SRN.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:31